



SORPSTÖD
SUÐURLANDS



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri
Hafnarfjörður
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 16.10.2012

Varðar fyrirspurn um urðunarstaði fyrir úrgang

Vísað er til kynningarbréfs sem undirritaður sendi sveitarfélögum á Vestur- og Suðurlandi í júlí s.l. fyrir hönd samráðshóps sorpsamlaganna í þessum landshlutum. Þar var greint frá áformum um að leita til sveitarfélaganna um tilnefningar á mögulegum urðunarstöðum fyrir úrgang. Mikilvægt er að hafa góða yfirsýn yfir þá valkostí sem fyrir hendi eru til þess að unnt sé að haga úrgangsmálum með sem hagkvæmustum hætti og þannig að áhrif urðunar á náttúru og samfélag séu sem minnst.

Eins og kynnt var í fyrrgreindu bréfi eru nú tilbúin ítarleg gögn varðandi þessa fyrirspurn og óskað eftir því að sveitarfélögini sendi inn, fyrir 7. desember 2012, tilnefningu á mögulegum urðunarstöðum. Gögnin eru aðgengileg á vefnum á eftirfarandi slóð: <http://www.alta.is/urdun>

Miklar framfarir hafa orðið á undanförnum árum í meðferð úrgangs og sá árangur er ekki síst góðu starfi sveitarfélaganna að þakka. Meðal þess sem áunnist hefur er að úrgangur til urðunar hefur minnkað verulega og mikil reynsla hefur safnast varðandi rekstur urðunarstaða. Hvort tveggja býður upp á að staðarval fyrir urðunarstaði sé skoðað í nýju ljósi.

Við vonum að gögnin sem fylgja þessari fyrirspurn gefi góða mynd af þörfum íbúanna fyrir urðun úrgangs og þeim möguleikum sem kunna að vera fyrir hendi varðandi staðarval. Áformað er að halda kynningarfundí á næstu vikum og reynt verður að svara fyrirspurnum eftir bestu getu eins og nánar er lýst í gögnunum.

Með von um ánægjulegt samstarf.

F.h. SORPU, Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Sorpurðun Vesturlands.

Björn H. Halldórsson

Hafnarfjarðarbær	
Innk:	31.10.2012
Nsnr:	1207247
Brefal:	580.2